

T I L L A G A

að starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Bryndísi Möllu Elíðóttur og Stefáni Magnússyni.

Frsm. Stefán Magnússon.

Grundvöllur skipulags þjóðkirkjunnar

1. gr.

Söfnuður er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar.

Söfnuður á tilteknu landsvæði myndar sókn. Ein eða fleiri sóknir mynda prestakall.

Prestaköll mynda prófastsdæmi.

Prófastsdæmi mynda vígslubiskupsumdæmi.

Sóknir, prestaköll og prófastsdæmi mynda eitt biskupsdæmi á Íslandi.

Skálholtsumdæmi

2. gr.

Sóknir mynda þau prestaköll og prófastsdæmi sem tilgreind eru í ákvæðum 3. gr. - 8. gr. og mynda umdæmi vígslubiskups í Skálholti.

Suðurprófastsdæmi

3. gr.

Prestaköll í Suðurprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Bjarnanesprestakall: Bjarnanes-, Brunnhóls-, Hafnar-, Hofs- og Kálfafellsstaðarsóknir.

Kirkjubæjarklaustursprestakall: Grafar-, Langholts-, Prestsbakka- og

Pykkvabæjarklaustursóknir.

Víkurprestakall: Ásólfsskála-, Eyvindarhóla-, Reynis-, Skeiðflatar-, Víkur- og Stóra-Dalssóknir.

Breiðabólsstaðarprestakall: Akureyjar-, Breiðabólsstaðar-, Hlíðarenda-, Kross- og Stórólshvolssóknir.

Fellsmúlaprestakall: Árbæjar-, Haga-, Kálholts-, Marteinstungu- og Skarðssóknir.

Oddaprestakall: Keldna-, Odda- og Pykkvabæjarsóknir.

Vestmannaeyjaprestakall: Ofanleitissókn.

Hveragerðisprestakall: Hveragerðis- og Kotstrandarsóknir.

Hrunaprestakall: Hrepphóla-, Hruna-, Ólafsvalla- og Stóra-Núpssóknir.

Árborgarprestakall: Eyrarbakka-, Gaulverjabæjar-, Hraungerðis-, Laugardæla-, Selfoss-, Stokkseyrar- og Villingaholtssóknir.

Skálholtsprestakall: Bræðratungu-, Haukadals-, Miðdals-, Mosfells-, Skálholts-, Torfastaða-, Úlfjótsvatns- og Þingvallasóknir.

Þorlákshafnarprestakall: Hjalla- og Strandarsóknir.

Kjalarnesprófastsdæmi

4. gr.

Prestaköll í Kjalarnesprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Garðaprestakall: Bessastaða- og Garðasóknir.

Grindavíkurprestakall: Grindavíkursókn.

Hafnarfjarðarprestakall: Hafnarfjarðarsókn.

Keflavíkurprestakall: Keflavíkursókn.

Mosfellsprestakall: Lágafellssókn.

Njarðvíkurprestakall: Kirkjuvogs-, Njarðvíkur- og Ytri Njarðvíkursóknir.

Reynivallaprestakall: Brautarholts- og Reynivallasóknir.

Tjarnaprestakall: Ástjarnar- og Kálfatjarnarsóknir.

Útskálaprestakall: Hvalsnes- og Útskálasóknir.

Víðistaðaprestakall: Víðistaðasókn.

Reykjavíkurprófastsdæmi eystra

5. gr.

Prestaköll í Reykjavíkurprófastsdæmi eystra eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Árbæjarprestakall: Árbæjarsókn.

Breiðholtsprestakall: Breiðholts-, Fella- og Hólasóknir.

Digranes- og Hjallaprestakall: Digranes- og Hjallasóknir.

Grafarholtsprestakall: Grafarholtssókn.

Grafarvogsprestakall: Grafarvogssókn

Kársnesprestakall: Kársnessókn.

Lindaprestakall: Lindasókn.

Seljaprestakall: Seljasókn.

Reykjavíkurprófastsdæmi vestra

6. gr.

Prestaköll í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Dómkirkjuprestakall: Dómkirkjusókn.

Fossvogsprestakall: Bústaða- og Grensássóknir.

Hallgrímsprestakall: Hallgrímssókn.

Háteigsprestakall: Háteigssókn.

Laugardalsprestakall: Ás-, Langholts- og Laugarnessóknir.

Nesprestakall: Nessókn.

Seltjarnarnesprestakall: Seltjarnarnessókn.

Vesturlandsprófastsdæmi

7. gr.

Prestaköll í Vesturlandsprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Borgarprestakall: Akra-, Álftanes-, Álftártungu- og Borgar- og Borgarnessóknir.

Garða- og Saurbæjarprestakall: Akranes-, Innra-Hólms-, Leirár- og Saurbæjarsóknir.

Reykholtsprestakall: Bæjar-, Fitja-, Hvanneyrar-, Lundar-, Reykholts- og Síðumúlasóknir.

Stafholtsprestakall: Hvamms-, Norðtungu- og Stafholtssóknir.

Dalprestakall: Hjarðarholts-, Hvamms-, Kvennabrekku-, Skarðs-, Snóksdals-, Staðarfells- og Stóra-Vatnshornssóknir.

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall: Ingjaldshóls- og Ólafsvíkursóknir.

Setbergsprestakall: Setbergssókn.

Staðastaðarprestakall: Búða-, Fáskrúðarbakka-, Hellna-, Kolbeinstaða-, Staðarhrauns- og Staðastaðarsóknir.

Stykkishólmsprestakall: Bjarnarhafnar-, Breiðabólsstaðar-, Flateyjar-, Helgafells-, Narfeyrar- og Stykkishólmsóknir.

Vestfjarðaprófastsdæmi

8. gr.

Prestaköll í Vestfjarðaprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Breiðafjarðar- og Strandaprestakall: Árnes-, Drangnes-, Garpsdals-, Gufudals- og Reykhóla-, Hólmavíkur-, Kaldrananes-, Kollafjarðarnes-, Melgraseyrar-, Nauteyrar-, Óspakseyrar- og Staðarhólssóknir.

Ísafjarðarprestakall: Holts-, Hóls-, Hrafnseyrar-, Kirkjubóls-, Ísafjarðar-, Mýra, Núps-, Staðar-, Súðavíkur-, Sæbóls-, Unaðsdals- og Þingeyrarsóknir.

Patreksfjarðarprestakall: Bíldudals-, Breiðuvíkur-, Brjánslækjar-, Haga-, Patreksfjarðar-, Sauðlauksdals-, Saurbæjar- og Stóra-Laugardalssóknir.

Hólaumdæmi

9. gr.

Sóknir mynda þau prestaköll og prófastsdæmi sem tilgreind eru í ákvæðum 10 .gr. - 12. gr. og mynda umdæmi vígslubiskups á Hólum.

Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi

10. gr.

Prestaköll í Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Húnavatnsprestakall: Auðkúlu-, Bergsstaða-, Blönduóss-, Bólstaðarhlíðar-, Breiðabólsstaðar-, Hofs-, Holtastaða-, Höfða- og Höskuldsstaða-, Melstaðar-, Prestbakka-, Staðarbakka-, Staðar-, Svínavatns-, Tjarnar- og Hvammstanga-, Undirfells-, Víðidalstungu- og Þingeyrasóknir.

Skagafjarðarprestakall: Barðs-, Fells-, Flugumýrar-, Glaumbæjar-, Goðdala-, Hofs-, Hofsós-, Hofsstaða-, Hóla-, Hvamms-, Ketu-, Miklabæjar-, Mælifells-, Reykja-, Reynistaðar-, Rípur-, Sauðárkróks-, Silfrastaða-, og Viðvíkur- og Víðimýrarsóknir.

Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

11. gr.

Prestaköll í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Akureyrar- og Laugalandsprestakall: Akureyrar-, Grundar- og Kaupangssóknir.

Dalvíkurprestakall: Dalvíkur-, Hríseyjar-, Miðgarða-, Möðruvallaklausturs- og Stærra-Árskógssóknir.

Glerárprestakall: Lögmannshlíðarsókn.

Ólafsfjarðarprestakall: Ólafsfjarðarsókn.

Siglufjarðarprestakall: Siglufjarðarsókn.

Langaness- og Skinnastaðarprestakall: Garðs-, Raufarhafnar-, Skinnastaðar-, Snartastaða- og Svalbarðs- og Þórshafnarsóknir.

Laufásprestakall: Grenivíkur-, Háls-, Laufáss-, Ljósavatns-, Lundarbrekku- og Svalbarðssóknir.

Þingeyjarprestakall: Einarsstaða-, Grenjaðarstaðar-, Húsavíkur-, Nes-, Reykjahlíðar-, Skútustaða-, Víðirhóls-, Þóroddsstaða- og Þverársóknir.

Austurlandsprófastsdæmi

12. gr.

Prestaköll í Austfjarðarprófastsdæmi eru eftirtalin og mynduð af þeim sóknum sem hér greinir:

Egilsstaðaprestakall: Ás-, Bakkagerðis-, Egilsstaða-, Eiða-, Eiríksstaða-, Hjaltastaða-, Hofteigs-, Kirkjubæjar-, Möðrudals-, Seyðisfjarðar-, Sleðbrjóts-, Vallanes-, Valþjófsstaðar- og Þingmúlasóknir.

Hofsprestakall: Hofs-, Skeggjastaða- og Vopnafjarðarsóknir.

Austfjarðaprestakall: Berufjarðar-, Berunes-, Brekku-, Djúpavogs-, Eskifjarðar-, Heydala-, Hofs-, Kolfreyjustaðar-, Norðfjarðar-, Reyðarfjarðar- og Stöðvarfjarðarsóknir.

Tillöguréttur sóknarmanna á skipan sókna

13. gr.

Sóknarbörn geta gert tillögu um breytingu á sóknaskipan innan þess prestakalls sem sókn þeirra er staðsett í. Tillaga um breytingu á skipan sókna skal borin fram á viðkomandi safnaðarfundi/safnaðarfundum. Hljóti hún samþykki safnaðarfundarins/safnaðarfundanna,

skal sóknarnefnd/sóknarnefndir fylgja þeirri samþykkt eftir. Með tillögu um sameiningu sókna skal gerð grein fyrir því hvaða kirkja henti best sem sóknarkirkja. Tillagan skal send biskupi Íslands, sem býr málið til flutnings á kirkjuþingi á grundvelli 14. gr.

Sé um tillögu að skiptingu sóknar að ræða skal hún send biskupi hljóti hún samþykki á safnaðarfundi.

Breytingar á skipan sókna

14. gr.

Biskup Íslands, vígslubiskupar og fulltrúar á kirkjuþingi geta lagt fram tillögu um breytingu á skipan sókna. Tillagan skal, áður en hún er lögð fram á kirkjuþingi, kynnt með fullnægjandi hætti fyrir söfnuðum þeim sem í hlut eiga, vígðum þjónum sem þeim þjóna og á héraðsfundi og ef við á, biskupafundi. Tillaga verður ekki tekin til meðferðar á kirkjuþingi og afgreidd nema fyrir liggja greinargerð þeirra safnaða sem í hlut eiga.

Breytingar á skipan prestakalla

15. gr.

Biskup Íslands, vígslubiskupar og fulltrúar á kirkjuþingi geta lagt fram tillögu um breytingu á skipan prestakalla, s.s. sameiningu þeirra, stofnun nýrra eða tilfærslu sókna milli prestakalla.

Tillagan skal, áður en hún er lögð fram á kirkjuþingi, kynnt með fullnægjandi hætti fyrir söfnuðum þeim sem mynda viðkomandi prestaköll, vígðum þjónum sem þeim þjóna og á héraðsfundi og ef við á, biskupafundi.

Skulu fram komnar umsagnir fylgja tillögunni við framlagningu á kirkjuþingi.

Breytingar á skipan prófastsdæma

16. gr.

Biskup Íslands, vígslubiskupar og fulltrúar á kirkjuþingi geta lagt fram tillögu um breytingu á skipan prófastsdæma.

Tillagan skal, áður en hún er áður en hún er lögð fram á kirkjuþingi, kynnt með fullnægjandi hætti fyrir söfnuðum þeim sem mynda viðkomandi prestaköll, vígðum þjónum sem þeim þjóna og á héraðsfundi og ef við á, biskupafundi.

Skulu umsagnir fylgja tillögunni við framlagningu á kirkjuþingi.

17. gr.

Biskupafundur kannar árlega hvort þörf er á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðháttum eða aðstæðum að öðru leyti, sbr. 5. gr. starfsreglna um biskupafund nr. 34/2022-2023. Við mat á skipan sókna skal einnig líta til þjónustuþarfa, svo og sögulegra og menningarlegra verðmæta.

Þess skal gætt að sókn geti uppfyllt skilyrði um rekstur og fjárhag sókna.

18. gr.

Sé sókn skipt skal uppgjör vegna eigna og skulda fara eftir hlutfallstölu sóknarmanna. Sóknarkirkja ásamt búnaði tilheyrir þeirri sókn þar sem kirkjan stendur. Þegar kirkjusókn er skipt og ný stofnuð, í nýju byggðahverfi, á hin nýja sókn óskert tilkall til þeirra fjármuna, sem sóknarmenn hinnar nýju sóknar hafa sannanlega lagt til eldri sóknarinnar, þó að frádreginni sanngjarnri þóknun fyrir þá þjónustu, sem sóknarmenn nýju sóknarinnar nutu, meðan sóknin var óskipt. Heimilt er að hafa fjárskil eftir annarri reglu ef um það næst samkomulag milli sóknanna. Framkvæmd fjárskipta er í höndum þriggja manna skilanefndar sem framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar tilnefnir hverju sinni.

Sé ein eða fleiri sóknir færðar úr prófastsdæmi í annað prófastsdæmi skal fara fram fjárhagslegt uppgjör. Skulu hlutfallslegar tekjur og eignir fylgja í það prófastsdæmi sem sókn flyst til.

19. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma falla brott starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum.

Greinargerð.

I. Inngangur

Í nýjum lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, sem öðluðust gildi 1. júlí 2021, segir svo í 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða:

Starfsreglur og samþykktir, sem kirkjuþing hefur sett eða samþykkt í gildistíð laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, nr. 78/1997, halda gildi sínu, eftir því sem við á, þar til kirkjuþing hefur fellt þær niður, breytt þeim eða sett eða samþykkt nýjar, þó eigi síðar en 31. desember 2021.

Kirkjuþing 2021–2022 samþykkti starfsreglur um áframhaldandi gildi tiltekinna starfsreglna kirkjuþings til 1. janúar 2023, til að tími gæfist til að endurskoða regluverkið. Starfsreglur um skipulag kirkjunnar í héraði nr. 1026/2007, með síðari breytingum eru þar á meðal. Ekki tókst að ljúka endurskoðun allra þeirra starfsreglna sem veitt var áframhaldandi tímabundið gildi með þeirri samþykkt og eru þessar starfsreglur meðal þeirra. Kirkjuþing 2022–2023 samþykkti því að veita eins árs gildistíma tiltekinna starfsreglna til viðbótar þ.e. til 1. janúar 2024. Þessar reglur eru þar á meðal. Með tillögu þessari eru reglurnar endurskoðaðar heildstætt og stefnt að því að þær leysi þá af hólmi framangreindar núverandi starfsreglur, sem munu þá falla úr gildi við birtingu þessara starfsreglna, ef samþykktar verða.

Aukakirkjuþing 2021 kaus þann 27. ágúst það ár nefnd þriggja kirkjuþingsfulltrúa, starfsreglunefnd, til tillögugerðar um áframhaldandi gildi starfsreglna kirkjuþings. Nefndin setti sér þau viðmið í byrjun að leitast yrði við að einfalda starfsreglusafn þjóðkirkjunnar og stytta starfsreglur þar sem því yrði við komið.

Starfsreglunefndin lagði fram ýmsar tillögur að nýjum starfsreglum fyrir kirkjuþing 2021–2022, sem hafa verið samþykktar, en vegna mikils umfangs verkefnis nefndarinnar var talið rétt að fresta framlagningu ýmissa mála til kirkjuþings 2022–2023 og er þetta eitt þeirra.

II. Helstu forsendur

1. Stytting og einföldun regluverksins

Eins og fyrr segir er almennt leitast við að stytta og einfalda regluverk kirkjunnar. Það gildir einnig um tillögu þessa um skipulag kirkjunnar í héraði. Forðast er að hafa ákvæði í tillögum þessum sem er að finna í öðrum tillögum að starfsreglum eða sem þegar eru fyrir hendi í gildandi starfsreglum.

2. Breytt umhverfi

a. Grundvöllur skipulags kirkjunnar.

Söfnuður er félagsleg og fjárhagsleg grunneining þjóðkirkjunnar, eins og segir í 1. mgr. 6. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, söfnuður á tilteknu landsvæði myndar sókn og ein eða fleiri sóknir mynda prestaköll eins og segir í 2. mgr. ákvæðisins. Sóknir mynda prestaköll, prestaköll prófastsdæmi og þau mynda umdæmi vígslubiskupa. Orðalag og framsetning tillagna þessara er miðuð við þetta skipulag þjóðkirkjunnar. Lagt er til að upptalning á sóknum, prestaköllum, prófastsdæmum og umdæmum vígslubiskupa komi fremst í bálkinn og að það sé sett fram í formi reglna í stað þeirrar framsetningar á töfluformi sem nú er í 12. gr. núgildandi starfsreglna.

b. Tillöguréttur á kirkjuþingi hvað varðar skipulag kirkjunnar í héraði

Í tillögum þessum er það gert skýrt hverjir geti haft frumkvæði að því að leggja fram tillögur um skipulag kirkjunnar. Ákvæði eldri þjóðkirkjulaga og starfsreglna sem eru í gildi í dag eru nokkuð óljós um þetta. Þykir rétt að skýra það aðeins nánar, samhengis vegna.

Í eldri þjóðkirkjulögum þ.e. lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 var að finna svofellt ákvæði í 2. másl. 19. gr:

„Biskupafundur skal m.a. búa þau mál er varða kenninguna, helgisiði og helgihald í hendur prestastefnu og gera tillögur um skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma til kirkjuþings,..."

Ákvæði um biskupafund og hlutverk hans féllu brott með nýju þjóðkirkjulögunum, en áfram eru í gildi starfsreglur kirkjuþings um biskupafund nr. 34/2021-2022, en þar segir í 5. gr:

„Biskupafundur endurskoðar árlega skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Biskupafundur gerir tillögur um þau efni á grundvelli starfsreglna, þingsályktana og stefnumörkunar kirkjuþings og býr mál er varða breytingar í þeim efnum í hendur kirkjuþings. Biskupafundur fjallar auk þess um allar tillögur um þessi efni sem kunna að berast og býr þær til flutnings á kirkjuþingi eftir því sem málavextir gefa tilefni til og greinir kirkjuþingi frá málsmeðferð.“

Í 4. gr. nógildandi starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði segir svo:

„Biskupafundur kannar árlega hvort þörf er á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma, með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðháttum eða aðstæðum að öðru leyti. Við mat á skipan sókna skal líta til þjónustubarfa, sögulegra og menningarlegra verðmæta.“

Í 3. gr. nógildandi starfsreglna um skipulag kirkjunnar í héraði segir svo:

„Hver sóknarmaður getur gert tillögu um breytingu á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma. Gefa skal safnaðarfundum viðkomandi sókna og héraðsfundi kost á að veita umsögn um tillögur um breytingar á skipan sókna og prestakalla. Umsagnir skulu sendar biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings.“

Tillögur um breytingar á skipan prófastsdæma skulu fá umsögn á viðkomandi héraðsfundum og því næst sendar biskupafundi, sem býr málið til kirkjuþings.“

Á kirkjuþingi 2018 flutti kirkjuþingsfulltrúi tillögu að breytingu á starfsreglum þess efnis að tiltekið prestakall yrði lagt niður, 20. mál. Fram komu efasemdir um að aðrir en biskupafundur gætu flutt tillögur þess efnis. Af því tilefni tók meiri hluti löggjafarnefndar fram í nefndaráliti sínu við tillöguna eftirfarandi:

„Löggjafarnefnd bendir á að kirkjuþing fer með æðsta vald í málefnum þjóðkirkjunnar innan lögmæltra marka og fer m.a. með það vald að skipa prestaköllum, sbr. 1. mgr. 20. gr. og 50. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997. Nefndin telur því að fulltrúar á kirkjuþingi fari með tillögurétt um öll mál sem undir þingið falla nema þau séu skýrlega undanskilin, sbr. t.d. 2. mgr. 20. gr. laganna. Um málsmeðferð fari því eftir þjóðkirkjulögum og þó einkum starfsreglum um þingsköp kirkjuþings nr. 955/2009. Þótt kveðið sé á um tiltekna málsmeðferð í starfsreglum þegar biskupafundur gerir tillögur um skipulag kirkjunnar eða almennir borgarar þá gildi þær sérreglur ekki um almennan tillögurétt kirkjuþingsfulltrúa á þessu málsviði.“

Starfsreglunefnd telur rétt að hafa skýrari almenn fyrirmæli um málsmeðferð skipulagsmála í starfsreglum til að tryggja að nægileg kynning, upplýsingamiðlun og umfjöllun í héraði fari fram. Starfsreglunefnd telur einnig að tilteknir málaflokkar sem kirkjuþing ber ábyrgð á eins og skipulag kirkjunnar í héraði verði ekki undanskyldir tillögurétti kirkjuþingsfulltrúa en að starfsreglur um tillögurétt megi vera skýrari um þetta en nú er. Er í því sambandi lagt til að fjallað verði sérstaklega um breytingar á sóknaskipan í tveimur ákvæðum, prestakallaskipan í einu ákvæði og prófastsdæmaskipan sömuleiðis í einu ákvæði. Er þá haft í huga að mismunandi sjónarmið og hagsmunir geta búið að baki skipulaginu, eftir því hvaða af framantöldum skipulagseiningum verið er að fjalla um. Í nógildandi starfsreglum er fjallað um þetta í einu ákvæði.

Í öllum tilvikum er gert ráð fyrir í máli þessu að þeir sem hafa tillögurétt á kirkjuþingi geti flutt mál á kirkjuþingi um skipulag sókna, prestakalla og prófastsdæma. Ávallt verður að hafa átt sér stað fullnægjandi kynning í héraði á tillögunum áður þær eru lagðar fram á kirkjuþingi og að kostur sé gefinn á að veita umsögn um þær.

Skal nú nánar vikið að breytingum á hverri framangreindri einingu.

Sóknaskipan og reglur um breytingar á henni verða áfram byggðar á þeim skilningi að auk þeirra sem tillögurétt hafa á kirkjuþingi geti sóknarbörn lagt til breytingar á skipulagi sókna. Þó einskorðist sá tillöguréttur sóknarbarna eftirleiðis við breytingar innan þess prestakalls sem sókn þess er staðsett í.

Ef fram kemur ósk um að færa sókn í annað prestakall, eins og dæmi eru um, myndu allir sem málfrelsi og tillögurétt á kirkjuþingi hafa, geta flutt tillögu þess efnis en eðli máls samkvæmt yrðu það oftast biskup og/eða vígslubiskupar og eftir atvikum kjörnir þingfulltrúar í viðkomandi kjördæmi sem flyttu slíka tillögu.

Tillaga að breyttri skipan sókna skal ávallt kynnt og rædd á safnaðarfundum og hljóti hún samþykki þar skal leggja tillöguna fram á héraðsfundi. Í gildistíð eldri þjóðkirkjulaga frá 1. janúar 1998, hefur breyting á sóknaskipan ekki verið samþykkt á kirkjuþingi að óvilja safnaða, svo kunnugt sé. Þó er ekki beinlínis kveðið á um í núgildandi starfsreglum að samþykki safnaða sé forsenda þess að kirkjuþing samþykki breytingar á skipan sókna. Tillögur þessar eiga að viðhalda þeirri framkvæmd. Þykir enda ólíklegt að kirkjuþing fari gegn skýrum vilja safnaða hvað varðar breytingar á skipan sókna. Lagt er til að skilyrði sé að greinargerð hlutaðeigandi safnaða liggi fyrir svo taka megí mál fyrir á kirkjuþingi.

Prestakallaskipan, þ.e. endurskoðaðar reglur um breytingar á henni í tillögu þessari fela í sér þau nýmæli að eingöngu þeir sem hafa tillögurétt á kirkjuþingi geti lagt fram tillögu um breytta prestakallaskipan. Gerður er áskilnaður um að umsagna hafi verið leitað áður en mál er lagt fram á kirkjuþingi en ekki er áskilið samþykki umsagnaraðila, enda er málefnið annars eðlis en breytingar á sóknaskipan.

Prófastsdæmaskipan, þ.e. reglur um breytingar á henni í tillögu þessari eru efnislega sambærilegar tillögum að reglum um prestakallaskipan.

Starfsreglunefnd telur mikilvægt að áfram sé skilgreint að kirkjustjórnin vaki yfir skipulagi kirkjunnar í héraði á landsvísu eins og verið hefur. Er því lagt til að kirkjustjórninni sé áfram skylt að kanna árlega þörf á breytingum á skipulagi. Starfsreglunefnd leggur til að biskupafundur hafi áfram þetta hlutverk.

c. Upptalning prestssetra.

Lagt er til að upptalning á prestaköllum þar sem leggja skal til prestssetur færist í nýjar starfsreglur um fasteignir, sem lagðar eru fram á kirkjuþingi 2022-2023 í 8. máli. Þykir það eðlilegra og í meira samhengi við þær reglur heldur en reglur um það landfræðilega skipulag sem hér um ræðir.

d. Ákvæði felld brott sem eru eða ættu að vera í öðrum starfsreglum.

Til að ná markmiðum starfsreglunefndar um einföldun regluverksins er lagt til að tiltekin ákvæði núgildandi starfsreglna færist í aðra starfsreglubálka, þar sem þau þykja eiga meiri efnislega samstöðu með þeim. Þar er m.a. um að ræða ákvæði um skyldu forsætisnefndar til að meta hvort tillaga að breyttu skipulagi kirkjunnar eða breytingartillaga á kirkjuþingi við slíka tillögu sé tæk til efnismeðferðar á kirkjuþingi. Um það gilda almenn ákvæði þingskapa eins og um öll önnur mál á kirkjuþingi og óþarfi að hafa sérákvæði um þetta í þessum starfsreglum.

Þá er sömuleiðis lagt til að tiltekin ákvæði um kirkjur og safnaðarheimili færist í þær starfsreglur sem um það gilda og að þau verði felld brott úr starfsreglum um skipulag kirkjunnar í héraði. Er tillaga að endurskoðuðum starfsreglum um kirkjur og safnaðarheimili lögð fram á kirkjuþingi 2022-2023 í 46. máli.

Um einstök ákvæði tillögunnar.

Um 1. gr.

Ákvæðinu er ætlað að staðfesta þá skilgreiningu laga um þjóðkirkjuna sem að ofan greinir að söfnuðir og sóknir eru grundvöllur skipulags þjóðkirkjunnar. 1. mgr. og 2. mgr. eru teknar orðréttar úr lögum um þjóðkirkjuna en rétt þykir að bæta við ákvæðum um að prestaköll myndi prófastsdæmi sem mynda síðan vígslubiskupsumdæmi. Einnig segir að sóknir, prestaköll og prófastsdæmi myndi eitt biskupsdæmi á Íslandi.

Um 2. gr. – 12. gr.

Ákvæði þessi mæla fyrir um sóknir, prestaköll og prófastsdæmi þau sem mynda umdæmi vígslubiskups í Skálholti og umdæmi vígslubiskups á Hólum. Lögð er til sú breyting sem fyrr greinir að um hvert prófastsdæmi er fjallað í sjálfstæðu ákvæði. Aðgengilegra verður að mati starfsreglunefndar að færa inn breytingar sem kunna að verða síðar á starfsreglunum hvað skipulag varðar og framsetning verður skýrari.

Um 13. gr. – 16. gr.

Lagt er til að sérákvæði gildi um málsmeðferð vegna tillögu að breyttri sóknar-, prestakalla- og prófastsdæmaskipan. Þykir það glegggra. Gert er ráð fyrir að sóknarbörnum sé veittur réttur til að leggja fram tillögur um skipan sókna innan prestakalls þess sem sóknin tilheyrir og er gerð grein fyrir því í almennum athugasemdum. Það er tillögum í ákvæðum þessum sammerkt að þeim er ætlað að tryggja betur lýðræðisleg vinnubrögð, með skýrari viðmiðum um kynningu, samráð og umsagnargerð.

Hvað varðar tillögu að breyttri skipan sókna og prestakalla er algengast að um sameiningu tveggja eða fleiri sókna eða prestakalla sé að ræða en einnig hefur sóknum og prestaköllum verið skipt upp þannig að nýjar sóknir hafa verið stofnaðar og ný prestaköll, einkum í íbúahverfum í uppbyggingu í þéttbýli. Að öðru leyti er vísað til almennra athugasemda í inngangi um ákvæði þessi.

Um 17. gr.

Lagt er til að ákvæði 4. gr. núgildandi starfsreglna haldist óbreytt þ.e. að biskupafundur kanni árlega hvort þörf sé á breytingum á skipan sókna, prestakalla og prófastsdæma., með hliðsjón af hagkvæmni, breytingum á mannfjölda í sóknum, samgöngum, staðhátum eða aðstæðum að öðru leyti. Við mat á skipan sókna skuli einnig líta til þjónustubarfa, svo og sögulegra og menningarlegra verðmæta. Vísað er til 5. gr. starfsreglna um biskupafund nr. 34/2022-2023 til nánari skýringar á ákvæðinu.

Þá þykir fara betur á því að ákvæði 2. gr. í núgildandi starfsreglum verði bætt við 17. gr. tillögunnar enda um viðmið að ræða sem líta ber til við tillögugerð biskupafundar samkvæmt ákvæðinu. Eru þá öll viðmið tilgreind í einu ákvæði. Ákvæði núgildandi 2. gr. starfsreglnanna er svohljóðandi:

„Þess skal gætt að sókn geti uppfyllt skilyrði um rekstur og fjárhag sókna, sbr. starfsreglur um söfnuði og sóknarnefndir“.

Um 18. gr.

Ákvæðið er efnislega samhljóða nógildandi 7. gr. starfsreglnanna að öðru leyti en því að lagt er til að framkvæmdastjóri rekstrarstofu Þjóðkirkjunnar skuli tilnefna skilanevnd ef á reynir í stað þess að biskup skipi þá nefnd. Er það í samræmi við nýtt skipulag þjóðkirkjunnar og verkaskipti biskupsstofu og rekstrarstofu.

Um 19. gr.

Lagt er til að starfsreglur þessar öðlist gildi við birtingu.